

## **Aðalfundur foreldrafélagsfundur 29.september 2021**

Fundurinn fór fram á netinu og foreldrar fengu fundarboð nokkrum dögum áður í tölvupósti. Anna leikskólastjóri stjórnaði fundinum og Ása formaður foreldrafélagsins fór yfir það helsta sem hefur verið gert síðasta skólaárið og það sem er framundan þetta skólaárið.

### ***Stjórn félagsins***

- Stjórn foreldrafélagsins var kynnt og óskað eftir fleiri fulltrúum í félagið. Á fundinum bauð Arna Björg móðir frá Hnoðraholti sig fram sem fulltrúi og við bjóðum hana velkomna í hópinn.
- Þeir sem voru í stjórn síðasta vetur ætla að sitja áfram sem er mjög ánægjulegt.
- Fleiri nýir meðlimir gætu bæst í hópinn í vetur.

### ***Markmið félagsins***

- Á glærunum frá fundinum er hægt að skoða helstu markmið foreldrafélagsins.

### ***Helstu verkefni 2020-2021***

- Sjá má á glærunum myndir og nánari útskýringar á helstu verkefnum síðasta skólaárið.
  - Jólasveinar og jólagjafir
  - Leiksýning í sal leikskólans
  - Vorhátíð
  - Útskriftarferð elstu barna, rútan og ferð í Slakka.
  - Gjöf fyrir börnin
  - Gjafir fyrir starfsfólkið

### ***Hvað er framundan 2021-2022***

- Foreldrafélagið er jákvætt og stefnir á árlega viðburði með foreldrum sem ekki hefur tekist að halda vegna covid.
  - Leikrit/uppákoma fyrir börnin fyrir og eftir Jól
  - Piparkökuskreytingar með foreldrum í sal leikskólans
  - Jólasveinar (búið að panta) og gjafir
  - Bæjarból 45 ára í nóvember, afmælisgjöf
  - Opið hús/kaffiboð í vor
  - Rúta í útskriftaferð
  - Sveitaferð

- Hópmýndataka á deildum
- Danskennsla – ætlum að kanna hvort það er ennþá í boði

### ***Fjármálin***

- Reikningar teljast samþykktir. Hægt er að skoða yfirlitið á glærunum frá fundinum.
- Hægt er að senda athugasemdir til Önnu leikskólastjóra og Ásu formanns um starfið og fjármálin en það þarf að gerast fyrir 1.nóvember en að öðrum kosti teljast reikningar samþykktir.

### ***Heimasíða leikskólans***

- Foreldrar voru hvattir til að skoða heimasíðu leikskólans og þá sérstaklega flipann foreldrar og það sem er undir honum. Þar eru ýmsar upplýsingar sem snúa að foreldrum.

### ***Þema og áherslur í ár***

- Anna leikskólastjóri kynnti þemað og áherslur í leikskólastarfinu þetta skólaárið. Umhverfið er þemað og áherslurnar eru: ég sjálfur, sköpun og umhverfi.

### ***Önnur mál***

- Starfsmannamál – mikið álag hefur verið undanfarið en ekki verið gripið til fáliðunarstefnu bæjarins en það gæti gerst ef ekki tekst að fullmanna leikskólann.
- Skipulag sveitaferðar.
- Möguleg danskennsla í vetur.
- Nýting á rýmum leikskólans

Fyrir hönd stjórnarinnar:

Edda Guðrún Valdimarsdóttir ritari